

Hafnarfirði, 20. september 2019

Umsögn vegna athugasemdar við grenndarkynningar vegna óverulegrar breytingar á deiliskipulagsskilmálum fyrir Suðurhöfn, bátaskýli frá 24. júlí 2013.

Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 2. júlí sl. var samþykkt að breyta deiliskipulagsskilmálum í samræmi við 2. mgr. 43 gr. skipulagslaga. Um var að ræða endurskoðun greinagerðar hvað varðar:

- mænishæð,
- porthæð
- stærð suðurhurða
- lengd austur - vestur hliðar.

Erindið var sent í grenndarkynningu og frestur til að skila inn athugasemdum lauk 21.8.2019. Ein athugasemd barst.

Í athugasemd dags. 29. júlí 2019 frá Emil J. Ragnarssyni kemur fram að hann óski eftir að það verði skoðað hvort að fyrirhuguð bygging við hliðina á skýli nr. 72 muni valda tjóni og hvort að minna bil á milli skýlina uppfylli kröfur um reglugerð um eldvarnir.

Einnig kemur fram í athugasemdum að útveggir hafi ekki verið hannaðir til að vera neðanjarðar og að hugsanlegur leki geti átt sér stað ef jarðvegur á milli skýlanna sé hærri en gólfhæð í skýli nr. 72. Það kemur einnig fram að þök skýlanna verði eins og trekt og að það muni auka líkur á því að vatn leki inn. Þá kemur fram að undirrituðum finnst sérkennilegt að eigendur þurfi að elta gólfhæð nærliggjandi skýlis og spurt er hvort að bilið á milli skýli sé nægjanlegt þannig að vinnuvél komist á milli.

Umsögn:

Ekki er séð að athugasemdin eigi beint við þá breytingu sem verið var að grenndarkynna. Ekki er verið að breyta gólfkótum né þakformi. Stækkun gólfplatnar er A-V sem þýðir að bilið á milli húsanna er óbreytt.

Lagt er til þær breytingar sem fram koma í grenndarkynningunni nái fram að ganga þar sem komið hefur í ljós að mörg skýli falla utan núgildandi skilmála og með þessu móti munu flest þau hús sem þarna standa falla innan marka hinna nýju skilmála.